



## Fundargerð nr. 39 Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg fundarsalur  
**Fundardagur:** Miðvikudagur 4. mars 2026  
**Fundartími:** 8:10-9:45  
**Fundarmenn:** Haraldur Einarsson, formaður  
Heimir Rafn Bjarkason  
Hjalti Guðmundsson  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson, oddviti  
Pálmi Þormóðsson, verklegar framkvæmdir undir liðum 1-3  
Börkur Brynjarsson, vatnsveita undir liðum 4-8

*Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.*

### 1. Áhaldahús

Sveitarstjórn bókaði eftirfarandi á fundi dags. 03.02.2026:

*„Varðandi lið 3 er varðar áhaldahús fyrir sveitarfélagið þá samþykkir sveitarstjórn að allt að 240 m<sup>2</sup> áhaldahús fyrir sveitarfélagið verði byggt á lóðinni Heiðargerði 1. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og yfirfara þau tilboð sem borist hafa í stöðluð hús ásamt framkvæmda- og veitunefnd. Samþykkt með 5 atkvæðum.“*

Pálmi Þormóðsson mun taka saman skjal sem sýnir samanburð á stöðluðum húsum frá þeim aðilum sem sent hafa upplýsingar á sveitarfélagið. Skjalið sýni samanburð þannig að hægt sé að taka ákvörðun um val á húsi. Skjalið verður sent á nefndarmenn og sveitarstjóra í tölvupósti í síðasta lagi 20. mars og í kjölfarið verður tekin ákvörðun um val á húsi, fengin tilboð frá verktökum vegna aðkomuvegar, jarðvinnu og uppsetningu á húsi og sótt um byggingaleyfi.

### 2. Viðbygging við Flóaskóla Áfangaskipting – Tilboð

Sveitarstjórn bókaði eftirfarandi á fundi dags. 03.02.2026:

*„Varðandi lið 2 er varðar viðbyggingu við Flóaskóla þá er sveitarstjóra falið að kalla eftir tilboðum í hönnun á þeim þáttum sem þarf vegna viðbyggingar við skólann svo sem burðarvirki, lagnir, raflagnir, bruna- og hljóðvistarhönnun. Sveitarstjórn samþykkir á þessum tímapunkti að bjóða út jarðvinnu þegar viðeigandi teikningar vegna viðbyggingar liggja fyrir—Byggingarnefnd Flóaskóla ásamt sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.*

*Samþykkt með 5 atkvæðum.“*

Tilboð voru send á þrjá aðila vegna verkfræðihönnunar og tilboð í jarðvinnu send á fjóra verktaka. Gefinn var frestur til 6. mars til að skila inn tilboðum. Óskað verður eftir tilboðum frá fleiri aðilum í aðra hönnun svo sem raflagna og aðra lagnahönnun.



Sveitarstjóri mun kalla eftir upplýsingum frá byggingafulltrúa sveitarfélagsins um hvaða gögn þurfa að vera til staðar til að fá grafrarleyfi fyrir viðbyggingu.

Skrá þarf byggingastjóra með virkt gæðakerfi á verkið og mun sveitarstjóri skoða það. M2 teiknistofa vinnur að því að klára aðaluppdrætti. Nefndin mælist til þess að sama teiknistofa verði fengin til þess að teikna upp afmörkun á byggingasvæði.

### 3. Þingborg – Verklok og kostnaður

Breytingin hefur tekist vel og nýtist húsið vel fyrir íþróttir og aðra viðburði. Það eina sem er eftir af þessari framkvæmd er að koma upp paniklokum á neyðarútganga og lítilsháttar frágangur á hurðum.

Heildarkostnaður við breytingarnar standa í um 43 milljónum sem skiptist á fjárhagsárin 2025 og 2026. Enn eiga eftir að berast reikningar vegna smíða á innihurðum og vinnu við uppsetningu á hurðum.

### 4. Samstarf Rarik og Vatnsveitu Flóahrepps

Sveitarstjórn bókaði eftirfarandi á fundi dags 03.03.2026:

***„Frá Rarik – Styrking á dreifikerfi Rarik við Hamarsveg***

*Fyrir liggur tölvupóstur frá Rarik vegna styrkingarverkefnis sem snýr að því að leggja niður loftlínu á milli Skógsness og Gaulverjabæjar og leggja í staðin jarðstreng sem verður plægður meðfram Hamarsvegi.*

*Sveitarstjórn Flóahrepps fagnar þessu styrkingaverkefni. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra ásamt framkvæmda- og veitunefnd að skoða möguleika á samstarfi vegna styrkingaverkefnisins og endurnýjunar á kaldavatnslögn meðfram veginum.*

*Samþykkt með 5 atkvæðum.“*

Nefndin er sammála þeirri nálgun að vinna að lagningu 180mm vatnslagnar með Hamarsvegi samhliða framkvæmdum hjá Rarik. Nefndin mælist einnig til þess að teknir verði um 1,5-2 km til viðbótar með grennri lögn frá Hamarshjáleigu að Skógsnesi. Þar sem grýtt er í jarðvegi á þessum stað telur nefndin betra að lagnir fari í skurð þannig að það sé sandað með lögnum til að lengja líftíma lagna. Ofangreind framkvæmd er á áætlun ársins 2027 og er mælt með að fjárfestingaáætlun verði breytt þannig að þessari framkvæmd sé bætt við verkefni ársins 2026 enda ljóst að hagræði er af því að vinna þetta samhliða styrkingaverkefni Rarik. Tengingar að bæjum á leiðinni gætu farið fram á árinu 2027.

Berki Brynjarssyni og Huldu Kristjánsdóttur falið að vinna málið áfram með Rarik og verktökum í vatnsveitu.

### 5. Handbók vatnsveitu

Handbók vatnsveitu ásamt kerfismynd vatnsveitu skal lögð fyrir næsta fund nefndarinnar sem verður í byrjun apríl. Sá fundur verður síðasti fundur þar sem ráðgjafar og verktakar koma inn á fund nefndarinnar á þessu kjörtímabili.

*Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að þessi gögn verði klár tímanlega áður en núverandi nefnd skilar af sér samantekt frá kjörtímabilinu sem lögð verður fram í byrjun maí 2026.*



## 6. Vöktunarkerfi/skjámyndakerfi

Snerra ehf. er komin með verkefnið. Nefndin leggur ríka áherslu á að þetta gangi hratt og vel þannig að vöktunarkerfi verði komið í notkun sem fyrst. Nefndin óskar eftir samantekt um stöðu máls á næsta fundi nefndarinnar í byrjun apríl.

## 7. Vatnsþrýstingur

Ábendingar hafa borist um þrýstingsleysi við Litla-Ármót. Verktaki í vatnsveitu hefur verið að skoða það. Dæluhúsið í Uppsölum á að auka þrýsting á lögninni upp með Langholtsveginum þegar það verður komið í gagnið.

Einnig verið þrýstingsleysi í kringum Hnaus. Farið var í að breyta stýringu á dælu tímabundið. Fara þarf í stærri dælu í dæluhús á Neistastöðum sem verður stýrð á föstum þrýstingi. Börkur Brynjarsson panti dælu sem fyrst og vinni málið áfram en stefnt er að opnun á stækkuðu hóteli í Hnausi í júní 2026. Staðan á þessu máli verður tekin á fundi í apríl og brýnt að verkið klárast sem fyrst í apríl-maí.

Gert er ráð fyrir tanki við hótelið sem eigendur hótelsins koma sjálfir upp og sjá um að reka.

Vart hefur orðið við þrýstingsleysi í Brekkuhúsum. Verktaki er að skoða það og er í samskiptum við eiganda. Mögulega þarf að fara með 55mm lögn með Hróarsholtsveginum um 1,3 km kafla.

## 8. Önnur mál vegna vatnsveitu

### a. Dæluhús í Uppsölum

Verið að setja lagnir í dæluhúsi og teikna upp rafmagn. SJ raf munu svo leggja rafmagnið. Um leið og allt er klárt má fara í tengingarnar við stofninn.

### b. Þjósár- og Fossabraut

Ólafsvellir ehf. vinna verkið. Aðkoma Flóahrepps snýr að kalda vatninu en eigandi hyggst ekki taka inn ljósleiðara. Nefndin hvetur til þess að eigandi/framkvæmdaaðili skoði að láta leggja rörin fyrir ljósleiðara án þess að fara í brunna eða tengiskápa. Sveitarstjóra falið að ræða við eiganda.

## 9. Þjósárver - Endurbætur utanhúss og aðgengismál

Búið er að senda tilboðsbeiðni á 3 verktaka vegna endurbóta utanhúss í Þjósárveri og er von á verðum í verkefnið.

Skoða þarf lausnir varðandi skjól við aðalandyri þegar verkefni hefst. Hugmyndir komu um að stækka skyggni fyrir ofan hurð og setja gler í vinkel til að mynda skjól austan og sunnan megin. Skjól eins og þetta þarf að vera nokkuð opið þannig að það flokkist ekki sem lokað rými í húsinu. Ekki stendur til að skipta um hurðina í aðalanddyri að svo komnu máli en möguleiki á að skipta henni út síðar.

Aðgengi fyrir hjólastóla verði lagfært og settir handlistar til að bæta aðgengi. Mikilvægt er að hæfilegt snúningspláss sé við hurðina.

## 10. Annað til kynningar:

- Framkvæmdaáætlun ársins
- Flóaskóli – Viðbygging



c. Þingborg – Gatnagerð

## 11. Næsti fundur nefndarinnar verður 8. apríl kl. 8:10

Á þessum fundi skal leggja fram eftirfarandi gögn:

- Handbók vatnsveitu ásamt kerfismynd
- Upplýsingar um stöðu á kortagrunni vatnsveitu og aðgang sveitarfélagsins að gögnum sem tengjast grunninum
- Samantekt um stöðu á vöktunarkerfi vatnsveitu og tímarammi á því verkefni.

Á fundinum er óskað eftir eftirfarandi utanaðkomandi aðilum: Pálmi Þormóðsson (verlegar framkvæmdir) Börkur Brynjarsson (Efla) og Guðmundur Daníelsson (Snerra).

Nefndin leggur áherslu á að gögn liggja fyrir tímanlega fyrir fund nefndarinnar.

## Síðasti fundur nefndarinnar fyrir kosningar verður 6. maí

Á þessum fundi mun framkvæmda- og veitunefnd gera uppgjör og samantekt á helstu störfum og verkefnum nefndarinnar á kjörtímabilinu. Þar verði helstu áherslumál núverandi nefndar lögð fram þ.e þau mál sem núverandi nefnd telur brýnt að horfa til á næstu árum vegna framkvæmda, viðhalds fasteigna og verkefna í vatnsveitu .

*Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra*